

LÖG

um breyting á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum (gjaldtökuheimild).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. C-liður 2. mgr. fellur brott.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Gjald fyrir vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabók er 850 kr. og rennur það óskipt til Þjóðskrár Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 2011.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Ögmundur Jónasson.